

**Ed.**

**319. Nefndarálit**

[147. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og rætt það á fundi sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson og Gils Guðmundsson, mun því skila séráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 6. gr. Í stað „130 millj. kr.“ komi: 140 millj. kr.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Á árinu 1967 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir eða útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Alþingi, 9. marz 1967.

Jón Árnason,  
form., frsm.

Friðjón Skarphéðinsson,  
fundaskr.

Sveinn Guðmundsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.